



# VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

CONFEDERATION OF ICELANDIC EMPLOYERS

Utanríkismálanefnd Alþingis  
Nefndardeild skrifstofu Alþingis  
b.t. Eyjólfss Konráðs Jónssonar  
Templarasundi 5  
150 REYKJAVÍK

GARÐASTRÆTI 41 SÍMI 62 3000  
Garðastræti 41 Tel. 354-1-62 3000 Fax. 354-1-28421  
PÓSTHÓLF 514 121 REYKJAVÍK ÍSLAND  
P.O. Box 514 121 Reykjavík Iceland

*Alþingi*

*Erindi nr. P 115/1560*

*komudagur 22 / 7 1992*

ÞÍV. YDAR  
Your ref.

BRÉF YDAR  
Your letter

ÞÍV. VOR  
Our ref.

ÞÍV.  
Date

DVP/mss

Rvk. 21.7.1992

Með bréfi dags. 12. júní 1992 barst Vinnuveitendasambandi Íslands erindi utanríkismálanefndar Alþingis, þar sem leitað er eftir álitum samtakanna á þeim þáttum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem atvinnureksturinn varðar.

Augljóst er, að flestir þættir samningsins um Evrópska efnahagssvæðið snúa með einum eða öðrum hætti að hagsmunum atvinnurekstrarins. Vinnuveitendasambandið mun því láta viðkomandi þingnefndum í té álit á einstökum efnisþáttum, sem að atvinnulífinu snúa við umfjöllun um fylgifrúmvörp samningsins. Verður sjónarmiðum samtakanna komið á framfæri við þingnefndir svo fljótt sem við verður komið eftir að fylgifrúmvörp samningsins koma fram.


Vinnuveitendasambandið vill hins vegar ekki láta hjá líða að taka fram, að það styður mjög eindregið samþykkt samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og telur hann eina meginforsendu þess, að nýjum stöðum verði skotið undir efnahagsstarfsemi hérlandis. Í ályktun aðalfundar Vinnuveitendasambandsins sem haldinn var 22. maí sl. var stuðningur samtakanna við samninginn áréttaður, en þar sagði:

"Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gefur landsmönnum einnig tilefni til aukinnar bjartsýni. Með gildistöku hans verður tryggt að leikreglur í atvinnulífi hér á landi verða að mestu sambærilegar við það sem gerist í Evrópu. Hann er ein helsta forsenda þess, að Íslendingum takist að halda til jafns við aðrar þjóðir í lífskjörum og samkeppni um fólk og fjármagn, þannig að hér takist að efla atvinnulíf og fjölga atvinnutækifærum. Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu er því brynustu hagsmunum bæði atvinnulífs og einstaklinga best borgið. Jafnhliða þessu hljóta stjórnvöld þó að kanna aðra þá möguleika, sem í boði kunna að vera og þjóna myndu hagsmunum Íslendinga við breyttar aðstæður. Atvinnulífið gerir þá eindregnu kröfu til allra alþingismanna, að þessi mikilvægasti milliríkjasamningur síðustu áratuga verði fullgiltur hið fyrsta."

Afstaða Vinnuveitendasambandsins er því skýr og felur í sér eindreginn stuðning við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Að öðru leyti mun VSI koma sjónarmiðum sínum á framfæri á síðari stigum og eftir því sem tilefni gefast.

Virðingarfyllst,

F.h. Vinnuveitendasambands Íslands.

  
Þórarinn V. Þórarinnsson.